

GJALDSKRÁ

vegna framkvæmdar á samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

1. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sem nemur kr. 6.500 fyrir sérfræðing og 4.000 fyrir fagritara á hverja klukkustund fyrir útgáfu leyfa og vottorða vegna verslunar með dýr eða plöntur sem heyra undir lög nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, hér eftir nefndur samningurinn.

Innflutningsleyfi.

2. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. og II. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Útflutningsleyfi.

3. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Endurútflutningsleyfi.

4. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til endurútflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein

fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Vottorð um aðflutning úr sjó.

5. gr.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu vottorða um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegundar sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Gjaldið er kr. 8.500.

Sé útgáfa vottorðs umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu vottorðs liggur fyrir.

Innheimta.

6. gr.

Reikningur skal gefinn út að verki loknu nema annað sé sérstaklega tekið fram í gjaldskrá þessari.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Lagastoð o.fl.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldskráin öðlast gildi 15. mars 2005.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.